

Kristján Árnason:

## Hljóðfræðiathuganir Jóns Ófeigssonar

Í formála að orðabók sinni segir Sigfús Blöndal frá því að hann hafi eignast nokkra samstarfsmenn, sem áttu eftir að hafa mikil áhrif á framgang orðabókarverksins, þegar hann kom til Reykjavíkur 1917 með handritið að bókinni. Þar telur hann fyrstan Jón Ófeigsson, og síðan Danann Holger Wiehe, sem þá var dósent við Háskóla Íslands. Þáttur Jóns Ófeigssonar í Blöndalsorðabók er langt frá því að vera bundinn við þær hljóðfræðiathuganir sem eru meginviðfangsefni þessarar greinar, því auk þess að rita hljóðlýsingarkafllann í inngangi og framburðarlýsingar einstakra orða í aðaltextanum, hafði hann umsjón með prentun og prófarkalestri bókarinnar, en hún var prentuð í Reykjavík sem kunnugt er. Þar sem Blöndal bjó í Kaupmannahöfn þurfti að hafa traustan umboðsmann í Reykjavík. Af ummælum Sigfúsar má ráða að Jón hefur verið honum betri en enginn, og Sigfús kallar hann aðalsamstarfsmann sinn og vin (væntanlega að ógleymdri Björgu Þorláksdóttur Blöndal). Ekki virðist neinn vafi á því að samstarf þeirra Sigfúsar og Jóns hefur verið með ágætum.

### 1 Hljóðlýsing nútímamálsins

En hvers vegna hljóðfræði í orðabók? Sigfús greinir frá því í inngangi hvernig það kom til að sú hljóðlýsing sem er að finna í bókinni var sett í hana. Upphaflega hafði hann ekki hugsað sér að hafa neina hljóðlýsingu, en segir að smám saman hafi sér orðið ljóst að það væri algerlega nauðsynlegt að hafa framburðarlýsingar í orðabók af þessari gerð. Orðabók af þessari gerð, segir hann („af denne Art“, eins og það heitir á dönsku). Það er e.t.v. ástæða til að staldra aðeins við þetta orðalag. Aðrir þeir sem eiga greinar í þessu riti hafa meira til málanna að leggja um það hvers konar orðabók Blöndalsorðabók er, en ég get þó ekki alveg orða bundist. Í upphafi inngangsins vitnar Sigfús til þess að til séu bækur um eldra málið, en þörf sé fyrir lýsingu á yngra máli. Ekki standi það bara vísindunum fyrir þrifum, heldur líka hversdagslífinu. Það er

Því ljóst að bókin hefur verið hugsuð sem heimild um nútímamálið sem aðskilið frá fornmalinu. Hún er því gerð í sama anda og málfræðibók Valtýs Guðmundssonar um *Íslensk Nutidssprog* (1922). Það var bæði pólitísk og fræðileg nauðsyn að áréttu tilvist íslensku sem nútímatungumáls, og þar var framburðurinn ekki síst mikilvægt einkenni, því að oft er sagt að íslenskt fornmal og íslenskt nútímamal séu sama ritmálið, en framburðurinn ólíkur. Bókinni hefur verið ætlað að vera eins traust heimild og unnt var um þessa nútímatungu. (Á bls. XI stendur: „Ordbogens Hensigt er at give et Overblik over det islandske Sprogs Ordforraad i Nutiden, baade i Skrift og Tale.“) En þrátt fyrir það sem Blöndal segir um hið daglega líf er bókin frekar sniðin að þörfum vísindanna en alþýðunnar.

## 2 Hljóðfræðirannsóknir þess tíma

Í inngangi að grein sinni (sem samtals er 14 síður í broti Blöndalsorðabókar) gerir Jón stutta grein fyrir fyrri athugunum á íslenskri hljóðfræði. Hann byrjar á ritgerð Konráðs Gíslasonar um íslenska stafsetningu í öðrum og þriðja árgangi *Fjölnis*, en minnst einnig á athuganir Björns M. Ólsen í ritdómi um bók um íslenska málfræði eftir William nokkurn Carpenter. (Þessi ritdómur birtist í tímaritinu *Germania, Neue Reihe XV* (XXVIII), bls. 257 o. áfr.) Einnig vitnar hann í sýnishorn Sveinbjarnar Sveinbjörnssonar í *Le Maître Phonétique* frá 1894 og hljóðlýsingu Valtýs Guðmundssonar í málfræðibók hans frá 1922. Hann greinir einnig stuttlega frá rannsóknum erlendra fræðimanna á íslensku hljóðkerfi, en telur að enn vanti talsvert á að íslenskt hljóðafar sé rannsakað til hlítar. Meðal þeirra sem Jón nefnir af erlendum fræðimönnum eru helstu jöfrar vísindanna á þeirri tíð, Otto Jespersen og Henry Sweet (*A Handbook of Phonetics*). Hann nefnir að í bók Johans Storm, *Englische Philologie* (2. útg. I, bls. 235 o. áfr.) sé að finna gagnlegar viðbætur við það sem Henry Sweet segir í sinni bók. Enn fremur vitnar hann til manns að nafni H. Bürgel Goodwin, sem skrifaði tvær greinar í tímaritið *Svenska Landsmål* 1905 og 1908. Jón telur að í þessum greinum Bürgel Goodwins séu margar gagnlegar athuganir, þrátt fyrir allmargar áberandi villur og misskilning. Ekki verður annað séð en Jón hafi kynnt sér flest það sem um efnið hafði verið skrifað áður og verið vel að sér í fræðunum að þeirra tíma hætti. Hann segist einnig hafa haft samráð við Stefán Einarsson sem um þessar mundir var að hefja rannsóknir á íslenskri hljóðfræði, sem áttu eftir að birtast í bók hans *Beiträge zur Phonetik der isländischen Sprache* 1927.

## 3 Hljóðritunarkerfið

Þau hljóðritunartákn sem Jón notar eru að ýmsu leyti framandi í augum þeirra sem vanir eru nútíma hljóðritun, en munurinn er einfaldur og fljótlegt er að tileinka sér kerfið, sérstaklega ef menn þekkja gríska stafrófið, sem að vísu er ekki svo ýkja algengt nú. Það hefur þó verið mun algengara þegar bókin kom út, á meðal þeirra sem á annað borð notfærðu sér orðabækur. Sigfús Blöndal gerir grein fyrir tilurð þessa kerfis á bls.

IX í inngangi. Þar segir hann að hann hafi sjálfur gert fyrstu drög að hljóðritunarkerfi sem hann byggði á athugunum Henry Sweet, en að það hafi reynst allt of ófullkomið. Hins vegar hafi viljað svo vel til að aðalsamverkamenn hans, Jón og Holger Wiehe, hafi haft góða innsýn í þessi mál og verið áhugasamir um hljóðfræði. Jón tók þessi mál að sér, að sögn Sigfúsar, og í samvinnu við Wiehe urðu til hér í Reykjavík drög að hljóðritunarkerfi til notkunar í bókinni. Þetta kerfi tók Sigfús með sér utan og sýndi tveimur fræðajöfrum, þeim Otto Jespersen í Kaupmannahöfn og Mariusi Hægstad í Kristjáníu. Þeir gerðu gagnlegar athugasemdir sem tekið var tillit til.

### 3.1 Sérhljóð

Sérhljóðatáknin í þessu kerfi eru í stórum dráttum þau sömu og tíðkast nú til dags í hljóðfræðiumfjöllun.<sup>1</sup> Táknin eru sýnd í 1. töflu:

[i, y, ɪ, ʏ, ø, ε, ö, a, o, o <sup>u</sup> , u]
Dæmi um hljóðritun: <i>hugur</i> : [hʏ:qøp] <i>hugir</i> : [hʏy:jɪp] <i>flugum</i> : [flʏ:qøm] <i>góður</i> : [go <sup>u</sup> :ðøp] <i>hross</i> : [hpos:]

Tafla 1: Sérhljóðatákn

Sú lýsing sem Jón gefur á íslensku sérhljóðakerfi kemur þeim sem alast upp við hljóðfræðiathuganir á síðari hluta þessarar aldar ekki á óvart, en þó er rétt að staldra við einstök atriði. Meðal þess sem nefna má er að Jón notar ‘ø’ til að tákna viss dæmi um það sem nú tíðkast að hljóðrita með [ʏ]. Um þetta segir hann að [ø] sé „en lidt ‘fjærner’ afart af [ʏ], som forekommer i korte tryksvage Stavelser“ (bls. XV) og vitnar í Johan Storm sér til fulltingis. Hann tekur þó fram að varast beri að ýkja þennan mun milli [ʏ] og [ø], því að e.t.v. sé ekki mikið meiri munur á hljóðgildi þessara tveggja hljóða en t.a.m. milli [ɪ] í áhersluatkvæði og [i] í áherslulausu atkvæði. Hann tekur

<sup>1</sup>Til að lýsa hljóðunum hljóðfræðilega notar Jón aðferð og aðgreinandi þætti sem hann kennir við þá Alexander Melville Bell, Henry Sweet og Otto Jespersen. En þeir eru: „h = high, nær; m = mid, mellemst; l = low, fjær; f = front, For-; b = back, Bag-; n = narrow, tynd; w = wide, bred; r = round, rund; u = unround, urundet“. Þessir mælikvarðar koma heim við greinimörk sem nú eru notuð, nema helst „narrow“. Henry Sweet segir (*A Primer of Phonetics*. (3rd ed. 1906:19–20)): „In forming narrow vowels there is a feeling of tenseness in that part of the tongue where the sound is formed, the surface of the tongue being made more convex than in natural ‘wide’ shape, in which it is relaxed and flattened.“ Þessi þáttur gæti að einhverju leyti vírst samsvara þættinum ‘þanið’, sem stundum er notaður í hljóðlýsingum. En þetta kemur þó ekki heim og saman, því í greiningu Jóns eru öll sérhljóðin „narrow“ eða „tynd“, nema *a*, sem er „wide“ eða „bred“. Sem kunnugt er eru það einungis allra nálægustu hljóðin, í [i] og ú [u] sem talin hafa verið þanin í yngri greiningarkerfum.

(væntanlega útlendingum) sérstakan vara við því að bera áherslulaus sérhljóð fram sem „hlutlaus“ hljóðið *schwa*. Raunar er það fyrsta athugasemd hans um sérhljóðakerfið, að það sé grundvallareinkenni á íslensku, samanborið við frændtungurnar, að hún hafi ekki *schwa*-hljóð í áherslulausum atkvæðum. Nú á tímum er ekki venja að gera ráð fyrir mun á framburði hljóða á milli áhersluatkvæða og áherslulausra atkvæða, en Sveinbjörn Sveinbjörnsson minnst á þetta, þótt hann noti ekki mismunandi tákn fyrir hljóð í áherslulausum atkvæðum og áhersluatkvæðum.

Annað atriði sem vekur athygli er að Jón telur *ó* [o<sup>u</sup>], eins og í *sól*, upp meðal einhljóðanna, frekar en tvíhljóðanna eins og nú er venja. Hann segir þó að um sé að ræða: „tvelydsagtig mellemst rund Bagtungevokal. Den minder om d. *o* i *bore*, men Slutningen af Lyden nærmer sig tydelig *u*-Stillingen“. Raunar nefnir hann í umfjöllun um tvíhljóð, að til greina komi að telja [o<sup>u</sup>] meðal þeirra.

Enn má geta þess að Jón telur [y] meðal einhljóðanna íslensku og tekur ekki fram annað en það sé sérstakt hljóð til jafns við önnur. Þessu eigum við ekki að venjast í nútíma handbókum. Þar er það venjulega tekið fram að nálægt kringt og frammælt hljóð af þessu tæi komi einungis fyrir sem síðari liður tvíhljóðsins [öy], sem margir vilja telja að sé í rauninni [i]-hljóð sem hlýtur kringingu sína sjálfkrafa af undanfarandi [ö]-i. En Jóni virðist hafa verið full alvara með þessu, því að í yfirliti á bls. XIX er hljóðið aftur nefnt sem sérstakt einhljóð, en eina dæmið sem hann nefnir í því samhengi um notkun þess í orðum er bókstafsnafið ‘y’. Í hljóðlýsingunni gerir hann þessu hljóði alveg jafn hátt undir höfði og öðrum, því að hann segir að það sé nálægt, frammælt, grannt (narrow/tynd), kringt sérhljóð, en bætir við: „Den er en lille Smule „fjærner“ og udtales med lidt svagere Læberunding end d. *y*“ og nefnir til samanburðar þýsku orðin *kühn* og *amüsieren*. Þetta [y]-tákn kemur einnig fyrir í einstökum hljóðlýsingum á framburði orða, t.a.m. í lýsingunni á orðinu *hugur* í fleirtölu, *hugir*: [hvy:jp].

### 3.2 Tvíhljóð

Í umræðu um íslensk tvíhljóð er oft gerður greinarmunur á svokölluðum stöðubundnum tvíhljóðum og þeim tvíhljóðum sem talin eru mynda sérstök hljóðön. Stöðubundin tvíhljóð eru nefnd þau sem koma fram við vissar aðstæður, einkum á undan [j] í orðmyndum eins og *bogi* og *lögin*. Í umfjöllun sinni um tvíhljóð gerir Jón ekki greinarmun á þessum tvíhljóðum og öðrum tvíhljóðum, heldur telur tvíhljóðin öll upp í belg og biðu, enda var áhugi hans ekki hljóðkerfislegur fyrst og fremst. Markmiðið var einfaldlega að lýsa. Inngangurinn er ritaður til útskýringar á framburðarlýsingunum í sjálfum orðabókartextanum. Tvíhljóðin sem Jón gerir ráð fyrir eru sýnd í 2. töflu. Þar vantar [o<sup>u</sup>], eins og áður er á minnst, en einnig má benda á að Jón gerir ráð fyrir að í orðum eins og *stigi* sé tvíhljóðið [i]. Þetta hljóð telja ýmsir að sé einfaldlega [i].

Í umræðu um tvíhljóð getur Jón nokkurra þríhljóða, sem notuð eru í einstaka orðum: [ɣyi], [öyi] og [o<sup>u</sup>i]. Hér er væntanlega átt við orð og orðmyndir eins og *hugi*, *lögin* og *skóginn*, þar sem koma fram tvíhljóð á undan [j] eða samsvarandi hálfserhljóði: [j]. Hann telur þó að þessi þríhljóð séu vafasöm (tvívilssomme), því að síðasti liðurinn sé e.t.v. einungis hvarfahljóð á leiðinni yfir í næsta atkvæði.

Athyglisverð er athugasemd Jóns þar sem hann mótmælir þeirri skoðun flestra

[ai, au, ei, i, oi, y(i), ui, öy]
Dæmi um hljóðritun:
<i>rælni</i> : [rail nɪ]
<i>átt</i> : [auht]
<i>einn</i> : [eid v]
<i>stigi</i> : [sd(ɪ)i:jɪ]
<i>logi</i> : [loi:jɪ]
<i>hugi</i> : [hyy(i):jɪ]
<i>múgi</i> : [mui:jɪ]
<i>austur</i> : [öys døp]

Tafla 2: Tvíhljóðatákn

hljóðfræðinga að fyrri hluti tvíhljóða sé alltaf langur en síðari hlutinn alltaf stuttur. Hann spyr hvernig eigi þá að útskýra eilífar kvartanir söngkennara yfir því að Íslendingar hafi fyrri hluta tvíhljóðanna allt of stutta í söng og að seinni hlutinn byrji allt of snemma. Hann slær því fram hvort lengdinni sé ekki jafnar skipt milli hluta tvíhljóðanna og jafnvel sé það svo að síðari hlutinn sé lengri.

Í tengslum við umræðu um tvíhljóðin minnst Jón á það að Bürgel Goodwin og fleiri haldi því fram að flest löng áherslusérhljóð (þ.e.a.s. einhljóð) klofni eða verði að tvíhljóðum. Þessu segist Jón hafa veitt athygli í máli einstaka persóna og neitar því ekki að þetta geti gerst þegar orðin eru borin fram hvert fyrir sig, en telur þó ekki að hægt sé að setja þetta upp sem almenna reglu. Hann telur að það að þessi tvíhljóðun er mjög greinileg, þegar hún á annað borð á sér stað, bendi til þess að fyrirbrigðið sé ekki almennt. Tvíhljóðun af þessu tæi hefur verið greind í nútímamáli, og væri fróðlegt að gera athugun á þessu nú og bera saman við athuganir Goodwins og Jóns. Jón minnst ekki á flámælið í þessu sambandi, en eins og kunnugt er er flámælið oft tengt tvíhljóðun hljóðanna [ɪ] og [ʏ] (sbr. Björn Guðfinnsson 1946:64, sem talar um hvarflandi tvíhljóð í þessu sambandi: [ɛ] og [ʏ]). Jón virðist hafa litið svo á sem flámælið væri eingöngu lækkun þessara hljóða sem einhljóða.

Lýsing Jóns á flámæli (bls. XXVII) er athyglisverð. Hann minnst raunar ekki á orðið flámæli, en segir að talað sé um *Suðurnesjamál*. Hann bendir á að þessi framburður sé þó ekki bundinn við Faxaflóasvæðið, eins og nafngiftin bendi til, heldur þekkist hann víða á Suðurlandi, sérstaklega við ströndina, og einkum í Austur-Skaftafellssýslu og á Austfjörðum. Hann segir að framburðurinn sé talinn „plebejisk og undgaas af alle dannede Mennesker“. Flámælið er að því er Jón telur fyrst og fremst fólgið í því að bera *i* og *u* fram sem [ɛ] og [ø]: *vinur* [vɛ:nøp], *una* [ö:na], þ.e.a.s. hálfhálfhljóðin fjarlægist og hafi tilhneigingu til að falla saman við hálfhálfhljóðin. Gagnstæði framburðurinn, þ.e.a.s. þegar *e* og *ö* eru borin fram sem [ɪ] og [ʏ], telur hann að stafi af ofvöndun hjá þeim sem aldir eru upp við fyrrnefnda framburðinn og eru að reyna að venja sig af honum. Þessi skilningur á því sem kallað hefur verið flámæli á *e* og *ö* virðist

vera eðlilegur og skýrari en það sem kemur fram t.a.m. í frásögninni af rannsóknum Björns Guðfinnssonar í *Mállýzkum II* (1964:81–2).

### 3.3 Samhljóð

Táknun samhljóða hjá Jóni Ófeiggssyni er frábrugðnari því sem nú tíðkast en táknun sérhljóða. Yfirlit um táknið er gefið í töflu 3.

Lokhljóð: [p, t, k, ʃ, b, d, ɡ, ɣ] Önglhjóð: [f, v, w, s, þ, ð, j, ɪ, h, ʎ, q, ʒ, ʒʷ] Hljómendur: [r, ʀ, l, λ, m, μ, n, v, ŋ, ŷ]
Dæmi um hljóðritun: <i>hreinsa</i> : [hʀeɪn sa] <i>hreinn</i> : [hʀeɪd v] <i>stagbæta</i> : [sdaɣbai da, -bai ta] <i>stagl</i> : [sdag λ] <i>vanta</i> : [vav da, van ta]

Tafla 3: Samhljóðatákn

Jón sleppir t.a.m. að tákna röddun og fráblástur í lokhljóðum. Þannig eru bollulaus [b, d, ɡ] tákn fyrir línu lokhljóðin og h-laus [p, t, k] tákn fyrir fráblásnu lokhljóðin. Talsverður skoðanamunur var meðal fræðimanna á þessari tíð um muninn á harðhljóðum og línhljóðum og gætir þess í umfjöllun Jóns. Margir, þ.á m. Henry Sweet, höfðu talið að línhljóðin væru rödduð. Einnig vitnar Jón í athuganir Bürgel Goodwins, þar sem hann heldur fram býsna flóknum reglum um röddun hljóðanna. Jón tekur hins vegar undir með Sveinbirni Sveinbjörnssyni, sem hafði haldið því fram að öll lokhljóðin væru meira og minna órödduð. Hann telur því að ekki sé ástæða til frekari aðgreiningar en felst í þessum tveimur táknaverðum, og [b, d, ɡ] eigi að túlka sem „ustemte, uaspirerte Tenues“ og [p, t, k] sem „aspirerte Tenues“. Þetta kemur heim við það sem nú er talið.

Táknið fyrir framgómmeðt lokhljóð eru einhvers konar límingarstafir af hásteffings ‘g’ og ‘j’ og litlu ‘k’ og ‘j’. Táknið fyrir óraddað framgómmeðt önglhjóð eins og í *hjóll* er samsvarandi límingarstafir ‘h’ og ‘j’, og fyrir raddað uppgómmeðt hljóð er notað ‘q’. Jón gerir ekki greinarmun á framgómmeðtu og uppgómmeðtu nefhljóði eins og í *lengi – langur*.

Eins og áður sagði er reglan sú í hljóðritunarkerfinu að nota gríska stafi sem samsvara latneskum til að tákna óraddaða hljómendur. Þannig tákna ‘p’ óraddað *r*, ‘λ’ óraddað *l*, ‘μ’ óraddað *m* og ‘v’ óraddað *n*. Gómmeðt nefhljóð er táknað með ‘ŋ’ og samsvarandi óraddað hljóð er táknað með sama tákni á hvolfi. Jón virðist gera ráð fyrir því að þar sem ‘h’ er ritað í upphafi orðs komi bæði [h]-hljóð og óraddaður hljómandi, eins og í *hreinsa* [hʀeɪn sa]. En um þetta hafa verið dálítið deildar meiningar meðal hljóðfræðinga í seinni tíð.

Í athugasemdum Jóns um framburð samhljóða kemur margt fróðlegt fram, sem ekki gefst hér tími til að tífunda. Hann gerir m.a. grein fyrir ýmsum mállýskubundnum þáttum, svo sem lokhljóðaframburði á undan *ð* í *hafði* og *sagði*, sem hann telur norðlenskan, og einnig frá lokhljóðaframburði á eftir *f*, *g* og *r* í orðum eins og *hafdi*, *sagdi*, og *hardur* og að sjálfsgöngu segir hann frá muni á harðmæli og linnmæli og rödduðum og órödduðum framburði.

### 3.4 Lengd og áhersla

E.t.v. eru athugasemdir Jóns um lengd þær athyglisverðustu. Hann gerir ráð fyrir tveimur lengdarstigum, fullri lengd og háflengd (bls. XVIII–XIX). Athuganir hans á dreifingu langra og stuttra sérhljóða eftir lengdarreglunni koma heim við það sem síðar telst viðtekinn fróðleikur. Mér vitanlega er þetta í fyrsta skipti sem lengdarreglan er sett fram á þann einfalda og skýra hátt sem síðar tíðkast. Umfjöllun Valtýs Guðmundssonar er hér t.a.m. ófullkonnari, og að því er ég best fæ séð tekur Sveinbjörn Sveinbjörnsson hvergi á þessum málum í heild, þótt hann tákni að sjálfsgöngu lengd í hljóðritun sinni.

Fulla lengd fá sérhljóð samkvæmt Jóni á undan einu eða engu samhljóði og á undan klösum sem hafa *p*, *t*, *k* eða *s* sem fyrri lið og *v*, *j* eða *r* sem seinni lið. Hins vegar kemur hálf lengd fram á samhljóðum sem standa á eftir stuttum sérhljóðum, og þau fá einn lengdarpunkt í hljóðritun, og sama er að segja um sérhljóð í „hálfsterkum atkvæðum næst á eftir atkvæði með sterka áherslu“ (XIX). (Þetta kemur raunar heim við það að Sveinbjörn Sveinbjörnsson tákna stundum lengd á samhljóðum á eftir stuttum sérhljóðum.) Athuganir Jóns á lengd sérhljóða í fyrri liðum samsettra orða eru fróðlegar og réttar, að því er ég best fæ séð, en heldur er framsetningin ruglingsleg.

Misjafnt er hvernig lengdarmál hafa verið túlkuð í seinni tíð, en hugmynd Jóns um háflengd á samhljóðum á eftir stuttum sérhljóðum varð kveikjan að hugmyndum sem Einar Haugen setti fram í grein í tímaritinu *Language* árið 1958 um íslenska atkvæðagerð, sem eru fullrar athygli verðar. Það er enginn vafi á því að hljóðfræðileg lenging á sér gjarna stað á samhljóðum sem koma á eftir stuttum sérhljóðum, og lengingin er í réttu hlutfalli við áhersluþunga. Það er athyglisvert, að stuttleiki sérhljóðanna, sem að sínu leyti má rekja til samhljóðaumhverfisins, hefur aftur áhrif á samhljóðalengdina í áhersluatkvæðum, og þetta sýnir að samband lengdar og áherslu er flóknara en virst gæti í fyrstu. En nóg um það.

Athuganir Jóns um orðáherslu virðast mér greinargóðar og segja að sumu leyti meira en athugasemdir Björns Guðfinnssonar (*Íslenskar mállýzkur I*, 1946:75). Þarna virðist Jón hafa verið í svipuðum hagleiðingum og Jóhannes L. L. Jóhannsson í bók sinni *Nokkrar sögulegar athuganir*, sem kom út 1924. Hann gerir ráð fyrir að síðari liður samsetts orðs hafi aukaáherslu í orðum eins og: *'aura' girnd*, *'afbæjar' maður* og *'vorkunnar' samur* en bendir jafnframt á að oft sé ekki mikill munur á fyrstu áherslu, sem samkvæmt reglum ætti að vera aðaláhersla, og seinni áherslu. Þetta kemur vel heim við það sem menn hafa veitt athygli í seinni tíð, að orðáherslan sé e.t.v. ekki eins föst á fyrsta atkvæðinu eins og handbækur segja. Að vísu hafa margir fett fingur út í framburð eins og *Vestmanna'eyjar*, en það að hann skuli vera til segir sína sögu um tilhneiginguna í málinu.

Auk þessa bendir Jón á að víxlhrynjandi geti ráðið nokkru um áherslumynstur orða ef merkingin truflar ekki. Hann nefnir orð eins og *jodáburður*, þar sem aukaáherslan sé ekki á fyrsta lið seinni samsetningarliðar, heldur á þriðja atkvæðinu.

## 4 Mállýskur

Eins og áður er minnst á í tengslum við umfjöllun um sérhljóðin, fjallar Jón dálítið um mállýskubundinn framburð, og um það er sérstakur kafli í innganginum (bls. XXV–XXVII). Jón flokkar mállýskubreyturnar í meginflokka sem hann nefnir *sunnlensku*, *vestfirsku*, *norðlensku*, *austfirsku*, *hornfirsku* og *Suðurnesjamál*. Lýsingarnar á mállýskuatríðunum og dreifingu þeirra kemur í stórum dráttum heim við það sem síðari rannsóknir hafa sýnt. Meðal þess sem aðallega skilur á milli norðlensku og sunnlensku er harðmæli og röddun. Austfirskan telur hann að fylgi norðlensku hvað varðar harðmæli, en í öðrum atriðum fylgi hún sunnlensku. Jón telur öngljóðaframburðinn á *hafði* og *sagði* til sunnlensku, en lokhljóðaframburðinn til norðlensku og telur að 70–75% allra landsmanna hafi öngljóðaframburðinn. Hann bendir á að framburður með aðblæstri í orðum eins og *mótlæti* og *útnyrðingur*: [mo<sup>u</sup>hðlai ti], [uhdnirðŋgøp] sé algengari á Austfjörðum en annars staðar. Hér gefst ekki kostur á frekari umfjöllun um frásögn Jóns af mállýskuatríðum, en hún er greinargóð og býsna tæmandi.

## 5 Lokaorð

Í greinarkorni sem þessu verður að sjálfsögðu ekki lagt verðugt né endanlegt mat á framlag Jóns til íslenskra hljóðfræðirannsókna, en almennt má segja að þetta framlag sé verulegt. Hann var ekki sá fyrsti sem fjallaði um hljóðafar nútímamálsins, en hann var samt einn af brautryðjendunum. Athuganir hans á framburði eru jafnan skarplegar, og ýmsar hugmyndir, svo sem um lengd og áherslu, eru fullrar athygli verðar og hafa fengið stuðning af síðari athugunum.